

1855.

13. júní.

væri að útvega beiðanda eða Kirkjubæjarklausturbrauði tekjur hins áður nefnda djáknaembættis er þá var af tekið, og síðan neitaði kanselfið bæn þessari með brjefi sínu 14. júlí næst á eptir.

15. júní.

33. Umburðarbrjef innanríkisstjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi og amtmannsins á Færeyjum um að svensk og norsk skip sjeu undan þegin aukagjaldi¹.

Þar eð umboðsmaður Svía og Norðmanna konungs hjer í landi hefur fært sönnun fyrir því, að skipum þegna Danakonungs sje nú veitt fullkomið jafnrjetti í tollum og skipgjöldum í svenskum og norskum höfnum, eru svensk og norsk skip, samkvæmt auglýsingu innanríkisstjórnarinnar 24. marz þ. á. í Íslands höfnum að álfta sem dönsk skip, svo að ekki skal heimta af þeim 2 rðla aukagjald það af hverju lestarrúmi, sem ákveðið er í áður nefndri auglýsingu.

6. júlí.

34. Brjef innanríkisstjórnarinnar til stiptamtmannsins um verzlunarfulltrúa fyrir Svía og Norðmenn.

Með brjefi þessu auglýsist herra stiptamt. að utanríkisstjórnin hefur tilkynnt þessu stjórnarráði, að M. C. Bjering kaupmaður sje nefndur til að vera verzlunarfulltrúi til vara fyrir Svía og Norðmenn, og að hún hafi gjört honum skipunarbrjef 8. f. m.

¹) sbr. Auglýsing 11. ágúst 1855.